

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2021-2022.

Kæru félagar. Á síðustu vikum er starf félagsins fyrst að komast í eðlilegt horf. Við erum rétt sloppin úr covid kófinu og erum núna að átta okkur á hvað fram undan er. Síðasta ár hefur farið að miklu leyti í kröfugerðarvinnu fyrir komandi kjarasamninga. Þeir sem sýna verkalýðsmálum áhuga fara ekki varhluta af því ástandi sem ríkt hefur innan hreyfingarinnar. Formaður, félagið, starfsmenn hreyfingarinnar, forseti ASÍ og ákveðnir einstaklingar hafa legið undir árásum frá ákveðnum aðilum í hreyfingunni. Í lok síðasta árs birtist frétt í fjölmiðlum þar sem núverandi formaður Eflingar fullyrti að formaður Bárunnar væri sérlegur Saleks aðdáandi og vísaði í almenna frétt um fund með forseta ASÍ árið 2015 þess efnis. Þessi ósannindi vöktu reiði margra og það mátti túlka að Salek væri einhverskonar bannorð sem er að sjálfsögðu ekki. Rétt er að taka fram að Í fundargerðum Bárunnar frá þeim tíma sem umræðan var um Salek kom fram að stjórn var langt frá því sérstakur aðdáandi þess kerfis. Þann 10. nóvember var ritað í fundargerð stjórnar að formaðurinn hefði ekki ritað undir samkomulag þess efnis þar sem kynning á því væri langt frá því að vera fullnægjandi og að of fáir voru kallaðir að borðinu í aðdraganda þess. Í annarri fundargerð í júní árið á eftir kemur fram að formaður sagði að samkomulagið væri ekki til hagsbóta fyrir verkalýðshreyfinguna. Farið er með lygi og ósannyndi af fáum forystumönnum hreyfingarinnar þar sem mannorð fólks er rúið trausti. Þann 7 – 8 apríl var haldinn Kvinnaráðstefna „Fitjum upp á nýtt“ Ráðstefnan sendi harða ályktun til miðstjórnar ASÍ. Hún fékk vægast sagt sérstök viðbrögð hjá þeim sem stunda grímulaust ofbeldi. Þeir einstaklingar sem stunda þetta ruku á dyr og ekki var ályktunin tekin til efnislegrar meðferðar. Þetta er sorgleg staða og ennþá alvarlegra hvernig árásir á fólk viðgangast á vefmiðlum. Þetta ástand hefur vægast sagt tekið sinn toll og það líður engum vel í þessu ástandi.

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi höfum við verið að vinna með grænmetisbændum að vottun á kjörum okkar fólks. Knútur Ármanni í

Friðheimum fer fyrir verkefninu. Spannandi og heilbriggt verkefni þar sem unnið er saman að því að tryggja starfsmönnum heilbriggt vinnuumhverfi. Ákveðið var að bíða með þetta vegna þessa sem gengur á í hreyfingunni sem er mjög slæmt en sýnir hvernig góðir hlutir gjalda þess ástands sem er nú í hreyfingunni.

1. Vinnustaðaeftirlitið hefur ekki verið virkt vegna covid. Það hefur sýnt sig að virkilega þarf að sinna því og kynna fyrir fólki réttindi og kjör á vinnumarkaði fyrir utan að fylgjast með aðbúnaði fólks sérstaklega þeirra sem koma erlendis frá. Félagið ætlar að leggja verulega áherslu á þessi mál á næstu misserum.
2. Trúnaðarmenn félagsins eru 31 talsins. Við höfum aðeins farið af stað eftir covid. Við höfum verið með námskeið á vegum ASÍ, jóla og páskafund trúnaðarmanna. Á jólafundinum fórum við yfir stöðuna á vinnustöðum og kom það skemmtilega á óvart hvað hljóðið var almennt gott í trúnaðarmönnum. Á páskafundinum var farið yfir niðurstöðu kjarakönnunar sem félagið lét gera í samvinnu við 5 önnur félög innan SGS og samþykkti trúnaðarráð að það yrði grunnur að kröfugerð félagsins í komandi kjaraviðræðum.
3. Félagsmenn Bárunnar, stéttarfélags voru um síðustu áramót 2846. Fjöldi félagsmanna 2020 var 3249. Þetta er annað starfsárið í röð þar sem er fækkun félagsmanna. Fækkun á starfsárinu er milli ára er núna 403 félagsmenn. Skýringin er að stórum hluta ferðapjónustan. Fækkun félagsmanna á sér ákveðnar skýringar bæði hvað varðar samdrátt í efnahagslífinu, og hvernig sum fyrirtæki hvort sem það er markvisst eða ekki halda starfsmönnum utan stéttarfélag og eða halda því fram að stéttarfélagsaðild sé frjáls. Með þessu er markvisst verið að að veikja styrkleika okkar. Nú fer ferðapjónustan á fullt og þurfum við virkilega að veita aðhald í þessum málum.
4. Á síðasta aðalfundi var farið yfir stöðu félagsmanna Bárunnar, samkvæmt niðurstöðum spurningarkönnunnar Vörðu Rannsóknarstofu vinnumarkaðarins. Staðan var ekki góð. Yfir 30% þeirra sem svöruðu áttu erfitt með að ná endum saman, fjárhagsstaða Bárúkarla var almennt verri en í öðrum félögum, hlutfall innflytjanda

hærra og marktækur munur hjúskaparstöðu. Nú liggja fyrir niðurstöður í nýrri könnun. Greint var út frá fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði, áhrifum heimsfaraldurs á starfsumhverfi og heilsufar félagsmanna. Hlutfallslega flestir Bárúkarlar hafa atvinnutekjur á bilinu 501-700 þús á mánuði. Sömuleiðis hlutfallslega fleiri karlar með tekjur á bilinu 701-900 þús. Hlutfallslega fleiri Bárúkonur eru með atvinnutekjur á bilinu 301-500 þús. Hærra hlutfall félagsfólks Bárunnar, á nokkuð auðvelt með að ná endum saman samanborið við félagsfólk annarra aðildarféлага. Fleiri Bárúkonur en karlar höfðu efni á t.d sjónvarpstæki. Rekstur húsnæðis þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. 37,3% kvenna og 22,5% karla búa við þunga byrði vegna húsnæðis. 55% karla eru í eigið húsnæði, 51% konur í eigið húsnæði. Rúmlega helmingur segja að álag í starfi hafi aukist vegna covid. Andleg heilsa kvenna er verri en karla. Það er af mörgu að taka og er sumt að þessu sláandi niðurstöður.

5. Eftir tveggja ára hlé var loksins farin kröfuganga 1. maí. Lagt var af stað frá Austurvegi 56 með lúðrasveit Verkalýðsins í fararbroddi og haldið var á Hótel Selfoss þar sem dagskráin fór fram. Flosi Eiríksson framkvæmdastjóri SGS og Jóhannes Torfi Torfason fulltrúi unga fólksins og nemi við Menntaskólann á Laugarvatni héldu ræðu. Guðrún Árný tók nokkur lög og sönghópurinn Tónaflóð lék Disney lög fyrir yngstu kynslóðina. Bifreiðaklúbbur Selfoss var með glæsikerrur að vanda og hestamannafélagið Sleipnir teymdi undir börnin. Við þökkum öllum sem mættu og héldu daginn hátíðlegan með okkur.
6. Á síðasta starfsári voru haldnir 10 stjórnarfundir, auk funda í trúnaðarráði/samninganefnd, á vinnustöðum og á skrifstofu félagsins.
7. Stjórn félagsins hefur árlega styrkt Sjóðinn góða hér á Suðurlandi. Stjórn félagsins tók þá ákvörðun að styrkja eitt málefni myndarlega. Vegna þess ástands sem verið hefur vegna covid tók stjórn þá ákvörðun að styrkja sjóðinn um kr. eina milljón. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja bágstadda Sunnlendinga fyrir jólin.

8. Heildariðgjöld vegna ársins 2021 námu 252,5 millj. samanborið við 217 milljónir árið 2020 og er það rúmlega 16 % hækkun á iðgjöldum milli ára. Afkoma félagsins ársins er jákvæð um 47,3 milljónir samanborið við 23,4 milljónir vegna ársins 2020. Eignir félagsins eru orðnar 800 milljónir en voru 748 milljónir vegna ársins 2020.
9. Sjúkrasjóður greiddi á árinu 2021 út í sjúkradagpeningum kr. 91,2 milljónir. Vegna ársins 2020 voru greiddir sjúkradagpeningar kr 85,5 milljónir. Sjúkrastyrkir vegna ársins 2021 voru kr. 15,2 millj. samanborið við 14,6 vegna ársins 2020. Niðurstaða rekstrar sjúkrasjóðs 2021 fyrir fjármagnsliði er 18 milljónir í mínus en voru 13,6 vegna 2020. Vegna góðrar niðurstöðu í fjárfestinum félagsins er niðurstaða með fjármagnsliðum 12,7 milljónir í mínus samanborið við 12,1 milljón 2020. Leigutekjur af íbúð sjúkrasjóðs er rúmlega ein milljón vegna ársins 2021 samanborið 900 þúsund vegna ársins 2020. Íbúð sjúkrasjóðs hefur ekki verið í fullri notkun og hefur verið töluvert laust þar.
10. Aðsókn í orlofshús félagsins er alltaf töluverð. Heilgarleigan hefur verið svipuð og fyrr ár. Nánast allar helgar á liðnu starfsári hafa verið uppbókaðar hvort heldur er á Akureyri, Reykjavík, Grímsnesi eða Flúðum. Eins og síðastliðið ár var ákveðið var að auglýsa orlofshúsin snemma í ár vegna ábendinga sem við höfum fengið um að fylgja öðrum stéttarfélögum. Félagið er með skipti á húsum við Eflingu í Svignaskarði á móti einu húsi í Þverlág. Umsóknir um orlofshús félagsins sumarið 2022 voru aðeins 43. Umsóknir fóru hægt af stað og var töluvert laust eftir fyrstu úthlutun. En venjan er sú að allt fer í leigu. Leigutekjur orlofssjóðs vegna orlofshúsa eru 4,7 milljónir sem er mjög svipað og vegna ársins 2020. Afkoma orlofssjóðs er 17 milljónir á móti 12 milljónum vegna ársins 2020. Áfram er sama niðurgreiðsla á útilegukortum sem kosta félagsmanninn kr. 5.000. Veidikortið er á sama verði og síðast liðið ár 4.300. Eins og áður verður niðurgreiðsla einnig til eldri félagsmanna, þeirra sem eru á örorku og látið hafa af störfum. Ýmsir afslættir eru inn á orlofvefnum og verður ferðaávísunin áfram, þar sem er möguleiki fyrir félagsmenn að kaupa ferðaávísun með fyrir fram ákveðnum upphæðum. Hægt verður að nýta ferðaávísunina hjá

þeim samstarfsaðilum sem næst að semja við um afslætti fyrir félagsmenn. Endilega kynnið ykkur þetta inn á innri vef félagsins.

11. Á árinu voru greiddar 26,8 milljónir til 304 einstaklinga í styrki úr starfsmenntasjóðum félagsins sem eru Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Að auki voru félagsmenn styrktir í beint gegnum vinnuveitendur. Stærsti hluti styrkjanna eru í háskólanám. Brugðist var vel við í covid og var hægt að nálgast námskeiðin á netinu og oft félagsmönnum að kostnaðarlausu.
12. Á liðnu starfsári var samþykkt 7 atvinnuleyfi. Í gegnum árin hafa verið samþykkt atvinnuleyfi vegna slátrara sem hafa komið í sláturtíð hjá Sláturfélagi Suðurlands. Engin kom að þessu sinni og er það í annað skipti.
13. Báran, stéttarfélag, VR og Félag Iðn-og tæknigreina reka í sameiningu Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna. Einnig er hér í okkar húsnaði, Festa lífeyrissjóður, Virk starfsendurhæfing og Vörður félag stjórnenda. Á síðasta ári var farið í að lagfæra húsnaðið innandyrá m.a. móttökuna og keyptir voru læstir skápar inn skrifstofurnar.
14. Fjórir ráðgjafar eru hjá Virk starfsendurhæfingu og tveir starfsmenn tilheyra ÞSS Árdís Óskarsdóttir á þjónustuborði og Kristín Ríkharðsdóttir í ræstingum.
Starfsmenn Bárunnar, stéttarfélags í dag eru Þór Hreinsson, Þórarinn Smári Thorlacius, Mata Kuc og Halldóra S. Sveinsdóttir. Hjalti Tómasson er í vinnustaðaeftirliti. Hjalti veiktist og verður í ótímabundnu veikindaleyfi. Gunnar Ólafsson starfsmaður lét af störfum og flutti erlendis og fær hann bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Í samvinnu við 6 önnur stéttarfélög réðum við Fjólu Pétursdóttur lögmann til starfa til þess að styrkja faglegt starf félagna og sameiginlega túlkun félagna á kjarasamningum ásamt öllu sem til fellur. Þetta er mikið gæfuspor fyrir félögin.

Það eru ákveðin tímamót hjá félaginu um þessar mundir. Þann 25. júní 2002 var Báran, stéttarfélag stofnuð í núverandi mynd. Það var í

kjölfar sameininga þriggja félaga í Árnessýslu en félagssvæðið nær yfir svæðið frá Ölfusá að Þjórsá. Báran er upphaflega heitið á elsta félaginu sem aðild átti að þessari sameiningu en það var Báran á Eyrarbakka sem stofnað var þann 14. Febrúar 1903. Ökupór sameinaðist Verkalýðsfélaginu Þór sem síðar hét Báran-Þór og svo Báran, stéttarfélag.

Þann 11. Janúar árið 2000 var ákveðið að Verkalýðs og sjómannafélagið Bjarmi á Stokkseyri færi einnig inn í þessa sameiningu. Ekki hefur orðið að fleiri sameiningum eftir 2002. Nú eru 19 félög inna SGS en þau voru milli 40 og 50 þegar var farið í að sameina félögin. Það eru skiptar skoðanir um þessi mál því það er ekki gott ef félög verða of stór eins og við höfum séð. Það eru alltaf félagsmenn sem hafa lokaorðið í þessu ferli.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum, stjórn og trúnaðarmönnum bestu þakki fyrir gott samstarf, ég vil þakka áheyrnina og hvet okkur til að eiga góðan aðalfund saman.